



Akraneskaupstaður

## YFIRLÝSING

um Akranes sem íþróttasveitarfélag

Akraneskaupstaður kt. 410169-4449, lýsir hér með yfir vilja til að verða íþróttasveitarfélag

Á Akranesi eru íþróttir og íþróttastarf samofið menningu og sögu bæjarfélagsins. Íþrótttaafrek Akurnesinga eru ófá og á fjölbreyttum vettvangi hjá 19 aðildarfélög Íþróttabandalags Akraness.

Um 75 prósent barna- og ungmenna á Akranesi stunda skipulagt íþróttastarf sem er mikill styrkleiki sveitarfélagsins ekki síst hvað forvarnargildi og farsæld barna varðar. Akraneskaupstaður á í góðu samstarfi við Íþróttabandalag Akraness sem endurspeglast m.a. í verkefnum eins og *Farsælt frístundastarf* fyrir öll börn sem hrundið verður af stað á næstu vikum. Megininntak og markmið verkefnisins er að auka enn frekar þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með því að veita öllum börnum sem þurfa, óháð atgervi og stöðu, stuðning við þátttöku í almennu íþróttastarfi.

Á undanförnum árum hefur og er Akraneskaupstaður að byggja upp ný og glæsileg íþróttamannvirki, fimleikahús, reiðhöll ásamt fjölnota íþróttahúsi. Metnaðarfull áform eru uppi um enn frekari uppbyggingu og endurbætur á íþróttatengdum mannvirkjum sem koma til með að stórbæta aðstöðu til íþróttaiðkunar fyrir alla íbúa sveitarfélagsins og gesti.

Akraneskaupstaður lýsir yfir vilja til að halda áfram að byggja ofan á þær styrku stoðir sem fyrir eru í bæjarféluginu með því að setja íþróttir barna- og ungmenna og uppbyggingu þeirra ásamt afreksíþróttum á oddinn og lýsir jafnframt yfir áhuga á þátttöku í þróun og skilgreiningu á íþróttasveitarfélögum í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Akranesi, 17. nóvember 2023

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

Jónína Margrét Sigmundsdóttir  
Formaður skóla- og frístundaráðs

Einar Brandsson

Einar Brandsson  
Aðalmaður skóla- og frístundaráðs

Liv Aase Skarstad

Liv Aase Skarstad  
Varaformaður skóla- og frístundaráðs